

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um  
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

**Starfsleyfisskilyrði fyrir hjólhýsa-, smáhýsa og tjaldsvæði**

**1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir rekstur tjald-, smáhýsa- og hjólhýsasvæða sem ætluð eru ferðamönnum til dvalar gegn gjaldi.
- 1.2 Svæðið og byggingar á því skulu hafa hlotið samþykki skipulags- og byggingaryfirvalda. Þess skal sérstaklega gætt við staðsetningu að dvalargestir verði ekki fyrir utanaðkomandi ónæði og að ónæði berist ekki frá svæðinu til nálægra íbúa.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Upplýsingar um umsjónaraðila og neyðarnúmer skulu vera sýnilegar dvalargestum, ásamt umgengnisreglum er m.a. taka til aksturs, hávaða, meðferð úrgangs, o.fl.
- 1.6 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.

**2. Húsnæði og búnaður**

- 2.1 Tilheyrandi húsnæði og búnaði skal vera vel við haldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.
- 2.2 Á svæðinu skal vera aðstaða til uppþvotta.
- 2.3 Á tjaldsvæði fyrir allt að 200 gesti skulu vera a.m.k. tvær fullbúnar snyrtingar, þar af önnur ætluð fötluðum. Síðan bætist við ein snyrting fyrir hverja 200 gesti til viðbótar. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna.
- 2.4 Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m<sup>2</sup> og 3,3m<sup>2</sup> fyrir hreyfihamlaða. Salerni skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu.
- 2.5 Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir karla og konur.
- 2.6 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.

**3. Hreinlæti og þrif**

- 3.1 Rekstraraðili skal sjá um að umgengni sé góð og svæðinu haldið snyrtilegu.
- 3.2 Húsnæði og öll aðstaða skal þrífín daglega eða oftár eftir þörfum. Alsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.3 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.4 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.

**4. Smáhýsi**

- 4.1 Smáhýsi eru varanleg jarðföst hús notuð til gistingar, án salernis eða eldunaraðstöðu.

- 4.2 Útidyrhurð skal opnast út. Á húsinu skal vera loftræstitúða sem ekki er hægt að loka og opnanlegt fag.
- 4.3 Ef rúmstæði eru í húsinu skulu þau vera eigi minni en 80x200 cm að stærð. Kojur skulu vera skv. staðli ÍST EN 747-1:1993.

## 5. Slysavarnir og öryggismál

- 5.1 Óheimilt er að kveikja varðeld eða bálköst á svæðinu, nema með tilskyldum leyfum.
- 5.2 Fara skal eftir reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.
- 5.3 Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.
- 5.4 Slys og óhöpp skal skrá á þar til gerð eyðublöð sem aðgengileg eru heilbrigðiseftirliti.
- 5.5 Rekstraraðili skal hafa neyðaráætlun ef upp koma alvarleg slys eða hættur.

## 6. Umhverfismál

- 6.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 6.2 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurnýtingu eða endurvinnslu úrgangs.
- 6.3 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 6.4 Hættuleg efni skulu geymd á viðhlítandi hátt og öryggisleiðbeiningar skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 6.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á. Fara skal eftir leiðbeiningum um rotþrær og siturlagnir.
- 6.6 Á svæðinu eða í námunda við það skal vera aðstaða til að tæma og hreinsa ferðasalerni. Rekstraraðili skal veita upplýsingar um og vísa á aðstöðuna.

### Starfsleyfisráðin eiga sér stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, , reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 457/1998 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, reglugerð nr.522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, byggingarreglugerð nr. 441/1998, reglugerð nr. 737 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr.236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):** 55.22 Tjaldsvæði, þ.m.t. hjólhýsastæði